

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 6. október 2021.

Staður: Skrifstofa / fundarherbergi 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.18.10.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Karl Georg Klein, Viðar Halldórsson, Kristinn Arason, Aðalsteinn Valdimarsson, Magnús Gunnarsson og Ragnar Hilmarsson. Forföll: Sveinn Sigurbergsson og Hörður Þorsteinsson.

Dagskrá:

- 1. Hjólreiðafélagið Bjartur 10 ára 19. október 2021**
Íþróttabandalagið í Hafnarfirði færir félaginu að því tilefni gjöf á afmælishátíð félagsins eða á 52. þingi ÍBH 11. nóvember nk.
- 2. Sportabler tekur við sem starfsskýrslukerfi ÍSÍ og UMFÍ**
Stefnt er að því að íþróttahreyfingin geti skilað starfsskýrslum fyrir starfsárið 2021 í nýju kerfi strax 2022. Öll aðildarfélög ÍBH sem nota frístundastyrkjakerfi Hafnarfjarðar eru komin í Sportabler.
- 3. Úthlutun á sérstökum styrk félagsmálaráðuneytis orðin rafræn**
Búið er að opna fyrir úthlutun á sérstökum styrk til tekjulægri fjölskyldna og er opið fyrir nýtingu styrksins til 31. desember 2021. Hægt er að nota styrkinn til að greiða fyrir þátttöku barna og unglinga í skipulögðu íþrótta- og tómsundastarfi og er styrkurinn kr. 25.000 á barn. Umsóknarferilið og úthlutun styrksins er komið inn í rafræna skráningarferlið í Sportabler.
- 4. Framhaldsþing 75. Íþróttapings ÍSÍ 9. október nk.**
Lagt fram til kynningar og umræðna. Nefndarstörf fara fram föstudaginn 8. október nk. kl. 16.00 hjá ÍSÍ Laugardal Reykjavík.
- 5. Bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu 9. september sl.**
Um embætti samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs lagt fram til kynningar.
- 6. Haustfjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun**
Stig 1., 2., og 3. hófst 27. september sl. var sent 10. september sl. á öll aðildarfélög og íþróttadeildir ÍBH.
- 7. Bréf frá ÍSÍ um starfshópa að störfum**
Er sent til að upplýsa íþróttahreyfinguna um að vinna sé í gangi við að bæta ferla, viðbrögð og fræðslu innan íþróttahreyfingarinnar um forvarnir gegn ofbeldi sem og viðbrögð við tilkynningum um atvik og meðhöndlun þeirra. Þrjár starfshópar eru í gangi, eitt starfshópur samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs, tvö starfshópur ÍSÍ og þrjú starfshópur KSÍ.

8. Málþing um afreksíþróttir

Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ stóð fyrir málþinginu 27. september sl. fyrir sambandsaðila til undirbúnings fyrir komandi framhaldsþing ÍSÍ. Framkvæmdastjóri ÍBH tók þátt í málþinginu sem tókst vel í alla staði með góðum umræðum sambandsaðila.

9. Verndarar barna – forvarnarverkefni

Upplýsingar um námskeið sem verða haldin 29. september sl., 7. október nk. og 29. október nk. hafa verið send á aðildarfélög og íþróttadeildir. Þjónustusamningar Hafnarfjarðarbæjar við íþróttafélög gera ráð fyrir því að félögin sendi árlega starfsmenn eða sjálfboðaliða á námskeiðið.

10. Kosningar á þingi ÍBH

Kynningar og umræður.

11. Drög að starfsmannalista þings ÍBH

Lagt fram til kynningar.

12. Tillaga að skoðunarmönnum reikninga ÍBH og Afrekssjóðs ÍBH 2021-2022

Aðalmenn, Guðmundur Friðrik Sigurðsson og Ingvar Viktorsson, varamenn Skúli Valtýsson og Jón Gestur Viggósson.

13. Tillögur að málum fyrir þing ÍBH

Þau mál sem hafa verið í vinnslu lögð fram til kynningar.

14. Önnur mál

a). HM bar það upp við fundarmenn hvort ÍBH ætti að sækja um aðild að UMFÍ. Fundarmenn feldu þá tillögu. Aftur á móti vilja stærri félög innan ÍBH skoða umsókn að beinni aðild að UMFÍ.

b). MG sagði frá bættri aðstöðu íþróttafélaga í Ásvallalaug. Með breytingu á rekstraraðila á líkamsræktaraðstöðu í Ásvallalaug losnaði æfingasalur / leikfimisalur í líkamsræktaraðstöðu. Hafnarfjarðarbær hefur nú látið karatedeild Hauka og SH hafa þá aðstöðu til æfinga.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.